

**Nd.**

**248. Frumvarp**

til laga um að banna hér á landi lögskráningu íslenzkra manna á erlend fiskiskip.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Bannað er hvarvetna á landi hér að lögskrá íslenzka ríkisborgara á erlend fiskiskip.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Það færast iskyggilega í vöxt nú á síðustu tímum, að erlendar þjóðir, sem senda skip til fiskveiða við Ísland, ráði í sína þjónustu innlenda menn til þess hvorstveggja að vísa þeim á miðin og kenna þeim flatningu og söltun fiskjarins að okkar hætti. Á þennan hátt gerast innlendir menn sínir eigin böðlar, bæði með því að jafna aðstöðumun kunnugra og ókunnugra á miðum vorum og í annan stað hlynna að hættulegri samkeppni við okkur um sölu fiskjarins og þar með þrengja fyrir okkur markaðinn. En skammgóður verður sá vermir um atvinnuauka okkur til handa, því útlendingarnir læra á skömmum tíma það, sem þeim var áfátt í þessu efni, og þurfa þeir þá ekki lengur á Íslendingunum að halda.

Frumvarp þetta miðar að því að girða fyrir slíkar þjóðhættulegar at-hafnir.